



# Ungmennafélag SSNE

## 2024

### Niðurstöðuskýrsla

Janúar 2025

Nanna Steina Höskuldsdóttir [nanna@ssne.is](mailto:nanna@ssne.is)

Hildur Halldórsdóttir [hildur@ssne.is](mailto:hildur@ssne.is)

## Inngangur

Inngangur.....	3
Undirbúningur ungmennapings.....	5
Þátttakendur.....	6
Dagskrá ungmenna og starfsfólks.....	8
Framkvæmd viðburðar.....	10
Lærdómur varðandi uppsetningu og næsta þing.....	16
Kostnaður.....	19
Viðauki eitt – Erindi til stjórnar SSNE.....	20
Viðauki tvö – Erindi til undirbúningshóp næstu Sóknaráætlunar.....	23
Viðauki þrjú – Könnun og endurgjöf ungmenna.....	24
Viðauki fjögur – Niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólks sveitarfélaganna.....	25
Viðauki fimm – Erindi ungmenna til sveitastjórna.....	35

## Inngangur

Í október 2024 fór fram í fjórða sinn ungmennaping fyrir ungmennaráð landshlutans. Ungmennapingið var fjármagnað sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Þema þingsins í ár var **valdefling, tengslamyndun og lýðræði**.

Árlegt ungmennaping SSNE er liður í því að auka tengingu og samvinnu ungmenna innan landshlutans, auk þess að valdefla ungmennin. Með ungmennapingunum má sækja í auknum mæli skoðanir, endurgjöf og reynslu ungmenna þvert á sveitarfélög og stuðla að því að þau kynnist innbyrðis. Vettvangurinn hefur líka reynst ákaflega dýrmætur fyrir starfsfólk í málaflokknum innan sveitarfélagana og ekki síður fyrir starfsfólk SSNE að kynna markmið og verkefni SSNE.



Í ár var gerð breyting á fyrirkomulagi fyrstu þriggja áranna. Breytingin fólst í því að skipuleggja tvær samhliða dagskrár, annars vegar fyrir ungmenni og hins vegar fyrir starfsfólk sveitarfélaganna. Dagskrá ungmenna var í forgrunni og tók dagskrá starfsfólks mið af dagskrá ungmenna og þeirra fyrirlesurum. Starfsfólk SSNE aðstoðaði ungmennin ásamt fyrirlesurum þegar starfsfólk sveitarfélaganna sat sína dagskrárliði.

### *Ungmennaping ungmennaráða landshlutans eða ungmennaráð SSNE*



Samkvæmt 11. grein Æskulýðslaga nr. 70/2007 ber sveitastjórnnum að hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð með m.a. það hlutverk að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.

Á ársþingi SSNE 2021 var samþykkt að stjórn SSNE myndi skoða möguleikann á að auka samtalið við ungt fólk í landshlutanum og að kallað yrði eftir skoðunum þeirra og hagsmunum, m.a. með stofnun ungmennaráðs. Þá var mat

starfsfólks sveitarfélaganna að fýsilegri kostur væri að hvert sveitarfélag stæði að ungmennaráði fyrir sitt svæði, en að SSNE héldi sameiginlegt ungmennaping árlega fyrir öll ungmennaráðin. Á slíku ungmennapingi væri skapaður góður vettvangur fyrir ungmenni að ræða sameiginleg málefni og hagsmuni. Út frá þeirri hugmyndafræði hefur ungmennaping verið unnið síðustu ár.



Ljóst þykir að þessi vettvangur, ungmennahóping, hefur á síðustu fjórum árum stuðlað að stofnun ungmennaráða og/eða virkjað þau, sem og skapað vettvang til að ræða um landshlutann sem heild með sameiginleg hagsmunamál hans og ungmenna í forgrunni. Hér skal tekið fram að einhver sveitarfélög voru með virk ungmennaráð frá upphafi og eiga fyrsti og annar punktur ekki við í þeim tilvikum. Vettvangurinn hefur jafnframt stutt starfsfólk í faglegu starfi og stuðlað að samstarfi þeirra í milli, sem er afar mikilvægur partur fyrir ungmenni landshlutans og sveitarfélögin í starfsefningu síns flota. Í lok október 2024 voru 9 af 10 sveitarfélögum með skilgreint og starfrækt ungmennaráð.

Er það mat starfsfólks SSNE sem hefur unnið að ungmennahópinginu síðustu ár, að gott væri að halda svipuðu fyrirkomulagi þar til virkni ungmennaráða hefur verið náð í öllum sveitarfélögum landshlutans. Í framhaldi af því færi jafnvel betur á því að stofna sérstakt ungmennaráð SSNE þar sem fulltrúar væru t.d. skipaðir í tvö ár í senn og að hlutverk þeirra snéri að ráðgjöf og álitsgjöf um verkefni SSNE á sviði ungs fólks og þróun landshlutans fyrir framtíðarbúsetu.

Dæmi um ungmennaráð landshlutasamtaka má meðal annars finna hjá [SSV](#) og [SASS](#). [Ungmennaráð Vestfjarða](#) starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga og fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári en heldur jafnframt ungmennahóping árlega sem er opið öllum ungmennum á tilgreindum aldri með lögheimili á Vestfjörðum.

*Þar er því bæði lögð áhersla á mikilvægi þess að kalla eftir sjónarmiðum ungmenna í stjórnsýslunni sem og tengslamyndum og heildarsýn yfir allan landshlutann.*

Jafnframt er áhugavert að skoða t.d. [fyrirkomulagið og starfsemi ungmennaráða í Reykjavík](#). Gott er að horfa til [handbókar ungmennaráða sveitarfélaganna](#) sem gefin var út árið 2017.



Er það fagnaðarefni að í desember tók til starfa verkefnastjóri farsældar hjá SSNE og verður því mögulega hægt að fylgja eftir erindum þessa málaflokks yfir allt árið.

## Undirbúningur ungmennabings

Hildur Halldórsdóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir verkefnastjórar SSNE tóku að sér verkefnastjórn í góðri samvinnu við sveitarfélögin. Drög að þema, staðsetningu og dagsetningu þingsins 2024 voru lögð í kjölfar Ungmennabings 2023 út frá tveimur könnunum, annars vegar þeirri sem lögð var fyrir ungmenni í lok þingsins og þeirrar sem var lögð rafrænt eftir þingið, fyrir starfsfólkið sem fylgdi ungmennunum.

Í ár voru **þrjár nýjungar í skipulagi ungmennabings**, í samræmi við reynslu síðustu þriggja ára. Það er mat starfsmanna SSNE að allar breytingarnar hafi verið af hinu góðu hvað varðar skilvirkni, upplýsingagjöf, faglegt starf og tengingu milli alls starfsfólks sveitarfélaganna og SSNE. Sjá jafnframt niðurstöður úr endurgjöf starfsfólks sveitarfélaga í viðauka þrjú (bls. 24) þar sem segir að allt starfsfólk sem mætti á þingið og svaraði könnuninni, hafi verið mjög ánægt með ungmennabingið og talið að þekking og reynsla frá ungmennabinginu myndi koma sér vel fyrir ungmennin. Breytingarnar voru:

- a) Að fulltrúar sem myndu fylgja ungmennunum á þingið, myndu sitja almennu ungmennabingsfundina frá upphafi skipulags. Tilgangur þeirrar breytingar var að miðla upplýsingum beint, eiga samtal og búa til tengingu við og milli starfsfólks sem umgengst krakkana hverju sinni.
- b) Að mynda skipulagsteymi með þremur fulltrúum frá sveitarfélögum ásamt tveimur starfsmönnum SSNE, til að rýna dagskrá og framfylgja undirbúningsverkefnum með það að markmiði að njóta skilvirkara og markvissara vinnulags og fækka almennum fundum.
- c) Að skipuleggja tvö málþing eða tvær dagskrár, sem báðar gengu út frá tímasetningum og þörfum ungmenna, en fagleg dagskrá fyrir bæði ungmenni og starfsfólk sveitarfélaga.


Fyrsti skipulagsfundur með fulltrúum sveitarfélaganna var 11. júní 2024. Hann fór fram rafrænt líkt og allir skipulagsfundir ungmennabings. Á þeim fundi var samþykkt að skipa skipulagsteymi og í því störfuðu

- Sigurbjörn Friðgeirsson frá Langanesbyggð
- Myrra Leifsdóttir frá Þingeyjasveit og
- Bjarni Arason frá Grýtubakkahreppi

Áætlað er að tvö þeirra haldi áfram í teyminu og að ein útskipti verði við skipulag næsta ungmennabings, ef af verður. Þemað *Valdefling, tengslamyndun og lýðræði* var valið sem viðfangsefni ársins og skipulagsteymi falið að útfæra dagskrárliði. Ákveðið var að ungmennabingið færi fram dagana 14. og 15. október 2024 og skipulagsteymi falið að skoða staðsetningu. Einnig var viðmiðunaraldur þátttakenda ákveðinn, ungmenni á aldrinum 14-18/19 ára (9. og 10. bekkur og framhaldsskólaaldurinn).



Þann 28. júní sendi skipulagsteymið frá sér þá staðfestingu að þingið færi fram í Þingeyjarsveit umrædda daga, að gisti yrði á Narfastöðum og að Þingeyjarsveit myndi bjóða upp á aðstöðu fyrir vinnustofur í Breiðumýri sem og aðgang að Íþróttamiðstöðinni á Laugum. Þá var jafnframt næsti fundur boðaður, þann 12. ágúst.



Skipulagsteymið starfaði náið saman fram að þinginu, verkefnastjórar SSNE héldu utan um praktísk atriði og voru upplýsingar aðgengilegar öllum fulltrúum sveitarfélaganna á sameiginlegu ungmennanings Teams svæði SSNE, undir rásinni Ungmennanings 2024.

Samtals voru haldnir þrjú hálf tíma fundir með öllum fulltrúum sveitarfélaganna. Þann 12. ágúst var farið yfir staðsetningu, akstur tíma og raunhæfur tími á upphafi/lok skipulagðrar dagskrár ræddur og ákveðinn. Starfsfólk sveitarfélaganna sá líkt og áður um þann lið að koma ungmennum til þingstaðar. Þá var starfsfólk beðið um að senda inn upplýsingar um þátttakendur sem allra fyrst. Að lokum var farið yfir staðfesta dagskrárliði og svigrúm veitt til hugmynda.

Síðasti fundur þar sem allir fulltrúar voru boðaðir fór fram 19. september. Þá voru lokadrög að dagskrám kynnt og svigrúm veitt til umræðna.

## Þátttakendur

Fulltrúum allra sveitarfélaga á starfssvæði SSNE var boðið til þátttöku. Níu af tíu sveitarfélögum þáðu boðið.

Ákveðið var líkt og undanfarið ár að þrjú til fjórir þátttakendur kæmu frá hverju sveitarfélagi fyrir sig og starfsmaður með hverjum hópi.



Áætlað var að þjappa aldurspili þátttakenda frá 14 til 18/19 ára, eða í 9.-10. bekk grunnskóla og til og með 19 ára, eftir því sem við væri komið. Starfsfólk sveitarfélaganna sá um að afla þátttakenda og leitaði það fyrst til sinna ungmennaráða, þar sem þau eru virk. Þátttakendur voru 33 talsins á aldrinum 13 til 17 ára. Starfsmenn voru 11 talsins, 9 frá sveitarfélögum og verkefnastjórar SSNE, þær Hildur og Nanna Steina.



*Starfsfólk sveitarfélaganna sem fylgdi ungmenum*

**Starfstíll samkvæmt heimasíðum sveitarfélaga**

Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags  
 Umsjónarmaður félagsmiðstöðvarinnar Hylðýpis  
 Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála  
 Starfsmaður áhaldahúss  
 Verkefnastj. upplýsinga-, atvinnu- og menningarmála  
 Stundakennari og forstöðumaður íþróttamiðstöðvar  
 Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi  
 Stuðningsfulltrúi í Valsárskóla  
 Verkefnastj. íþróttu-, menningar- og tómsundamála

**Nafn**

Hafsteinn Þórðarson  
 Sunna Valsdóttir  
 Ríkey Sigurbjörnsdóttir  
 Bjarni Arason  
 Kolbrún Lind Malmquist  
 Sigurbjörn Friðgeirsson  
 Hafrún Olgeirsdóttir  
 Anna Louise Júlíusdóttir  
 Myrra Leifsdóttir

**Sveitarfélag**

Akureyrarbær  
 Eyjafjarðarsveit  
 Fjallabyggð  
 Grýtubakkahreppur  
 Hörgársveit  
 Langanesbyggð  
 Norðurþing  
 Svalbarðsstrandarhreppur  
 Þingeyjarsveit

# Ungmennaping SSNE

Hvar: Breiðumýri og Narfastöðum Þingeyjarsveit

Hefst: mánudag 14. október kl. 12:00

Lýkur: þriðjudag 15. október kl. 16:30

**Þema þingsins er: Valdefling, tengslamyndun og lýðræði**

## Dagskrá ungmenna:

### Mánudagur 14. október

10:00 Opið á Narfastöðum til að koma sér fyrir

**12:00 Þingsetning** og samhristingur - Breiðumýri

12:35 Hádegismatur - Narfastöðum

13:15 Mögnum það sem í okkur býr - Breiðumýri

14:15 Bergið Headspace - Breiðumýri

14:45 Hressing - Breiðumýri

15:00 Tækifærin hjá Samfés og ungmenni sem hreyfiafl

17:00 Sund/gönguferð/frjáls tími

18:30 Matur á Narfastöðum

19:30 Kvöldvaka í Breiðumýri

### Þriðjudagur 15. október

8:00-8:40 Morgunmatur á Narfastöðum

9:00 Okkar framtíð á Norðurlandi eystra - Breiðumýri

9:30 Lýðræðislestin - Breiðumýri

10:00 Kaffipása - Breiðumýri

10:15 Lýðræðislestin - Breiðumýri

12:15 Hádegismatur á Narfastöðum

13:00 Getur ehv skutlað mér? - Breiðumýri

14:45 Kaffi - Breiðumýri

15:00 Mögnum geð og gleði - Breiðumýri

15:30 Samantekt, endurgjöf og formlegt slútt - Breiðumýri

16:00 Taka saman á Narfastöðum





# Ungmennafélag SSNE

## Dagskrá leiðbeinenda:

### Mánudagur 14. október

12:00 Þingsetning og samhristingur

12:35 Hádegismatur - Narfastöðum

13:15 Samfés, tækifæri í félagsmiðstöðvarstarfi - kynning fyrir starfsfólk

14:45 Hressing - Breiðumýri

15:00 Mögnum teymið - kynning fyrir starfsfólk

15:40 Bergið Headspace - Breiðumýri - kynning fyrir starfsfólk

17:00 Sund/gönguferð/tækjasalur/leikir í sal/frjáls tími

18:30 Matur á Narfastöðum

19:30 Kvöldvaka í Breiðumýri

### Þriðjudagur 15. október

8:00-8:40 Morgunmatur á Narfastöðum

9:00 Okkar framtíð á Norðurlandi eystra

9:30 Lýðræðislestin

10:00 Kaffipása - Breiðumýri

10:30 Hverju skilar Fiðringur í reynsluheim krakka?

11:00 Teymisvinna starfsfólks

12:15 Hádegismatur á Narfastöðum

13:00 Getur ehv skutlað mér?

13:30 Ungmennafélag eða ungmennaráð? Kynningar frá öðrum landshlutum

14:45 Kaffi - Breiðumýri

15:00 Mögnum geð og gleði, fyrir öll að eflast

15:30 Samantekt, endurgjöf og formlegt slútt

16:00 Taka saman á Narfastöðum



## Framkvæmd viðburðar



Yfirmarkmið ungmennapínganna hefur verið og er að valdefla ungt fólk, styrkja tengsl þeirra við hvert annað og efla samvinnu á milli sveitarfélaga. Þema ársins að auki var lýðræði. Það mætti því segja að ungmennapíngið í ár hafi lagt upp úr því að efla ungmennin í að beita röddum sínum, hlusta á fjölbreytt rök og vera virkir þátttakendur í eigin samfélagi. Jafnframt fengu þau verklega kynningu á bæði ábyrgðinni og tækifærunum sem felast í því að vera partur af samfélagi.



Ungmennunum var jafnframt sýnt hvar og hvernig þau geta haft áhrif í eigin samfélagi og þau hvött til að taka sér pláss og hafa hugrekki til að hafa áhrif á stjórnsýsluna og senda erindi bæði til sveitastjórna og stjórnar SSNE og láta rödd sína heyrast. Var það gert í gegnum bæði æfingar sem reyna á að fara út fyrir kassann og hefðbundinn þægindaramma, og með þankahríðaæfingum. Þá var samráðsvettvangur Sóknaráætlunar jafnframt kynntur.



Hér verður farið yfir megininntak nokkurra dagskrárliða:

1. **Samhristingur.** Bjarni og Sigurbjörn stýrðu mikilvægum **samhristingi** alls hópsins þar sem fyrstu skref að tengslamyndun voru lögð, sem og þjálfun í að **láta rödd sína heyrast**. Í gegnum leiki var unnið með að „fara út fyrir þægindarammann“ og kynnast ungmennum og starfsfólki frá öðrum sveitarfélögum en sínu eigin. Enda mikilvægur forleikur að gagnlegu samtali og samstarfi.

**Þingsetning.** Hildur og Nanna Steina settu þingið formlega þar sem tilurð þemans var kynnt, ásamt örstuttri kveikju þar sem annars vegar **tilvist, tilgangur og uppbygging Sóknaráætlunar** var kynnt með því að líkja henni saman við námskrá grunnskóla.

Hins vegar var farið yfir tilgang ungmennaráða og hverju þeirra vinna hefur meðal annars skilað fyrir sveitarfélög. Í báðum tilvikum var undirstrikað mikilvægi þess að ólíkar skoðanir fái að koma fram, að spyrja fjölbreyttra spurninga á upphátt og að vísar að hugmyndum fái að spreyta sig; að það þurfi ólík hjól til að láta vélar snúast. **Að þau sem hreyfiafl væri eitt þessara hjóla.**



Þá voru ungmennin beðin um að hafa virðingu fyrir hvert öðru að leiðarljósi, hugrekki til að spreyta sig og ástríðu fyrir málefninu til að ná fram árangri. Til að sýna þátttakendum hvernig þeirra framlag til þingsins gæti skilað árangri, var farið yfir nokkrar tillögur og verkefni ungmennaráða um allt land sem skilað hafa árangri. Svo sem bættar tímaáætlanir strætó,

stofnun æskulýðssjóðs, hvernig tekið er á móti flóttafólki, uppsetning á frísíðgolfvelli, spornað við plastpöknotkun og fleira.

2. **Mögnum það sem í okkur býr.** Sigríður Ólafsdóttir mannauðsráðgjafi, PCC markþjálfari og eigandi [Mögnum](#) sá um þennan dagskrárlið sem fól í sér fyrirlestur, hugarflug, hópefli, hópavinnu og umræður.


3. **Bergið Headspace** og andleg heilsa. Erla Lind Friðriksdóttir starfsmaður [Bergsins](#) á Akureyri fræddi ungmennin um Bergið sem er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk á aldrinum 12-25 ára. Markmið Bergsins er að bjóða upp á **lágþroskudáþjónustu** með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Þá lagði hún sérstaka áherslu á að viðtöl gætu farið fram í síma eða rafrænt, væri óskað eftir því. Að krakkarnir gætu sjálfir pantað tíma og að kostnaður væri enginn, ekkert vandamál of stórt né of lítið. Þess ber að geta að Bergið starfrækir ungmennaráð sem kemur að ákvarðanatöku og þróun verkefna Bergsins.



4. **Tækifærin hjá Samfés og ungmenni sem hreyfiafl.** Þær Svava Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Samfés og Linda Pálsdóttir stjórnarkona Samfés og forvarna- og félagsmálaráðgjafi í Síðuskóla komu sem fulltrúar frá Samfés og fjölluðu um samstarf félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á landsvísu.

Í gegnum leiki, myndbönd, reynslusögur og fyrirlestur lögðu þær sig fram um að glæða okkar unga fólki eldmóði til að tjá sig, taka þátt í ungmennastarfi í sinni heimabyggð sem og þvert yfir landið í gegnum Samfés, og taka þátt á lýðræðislegum grunni í stefnumótun sveitarfélaga.

Til dæmis fóru þær yfir það hvernig í félagsmiðstöðva-starfinu er búinn til vettvangur sérsniðinn að unglíngunum sjálfum á eins lýðræðislegan hátt og mögulegt er. Þar er athvarf fyrir ungmennin, starfsemin hefur *forvarnagildi* á sama tíma og hún er afþreying og skemmtun. Þá fóru þær yfir það hvernig starfsfólk Samfés beitir sér fyrir því að rödd ungmenna heyrir í samfélaginu, hvernig það vinnur sem málsvari ungs fólks, aðstoðar ungt fólk að koma röddum sínum á framfæri við ráðamenn og þrýsta á stjórnvöld að hlusta markvisst eftir röddum ungs fólks. Sjá nánar um gildi félagsmiðstöðva fyrir samfélög inn á [samfes.is](http://samfes.is)



Jafnframt fóru Svava og Linda yfir ávinning þess að auka samvinnu og samskipti aðildarfélaga samtakanna. Að halda úti og styðja við öflugt fulltrúaráð 16+ sem og lýðræðislega kjörnu ungmennaráði Samfés sem og að stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á vettvangi.

Í opnum umræðum við Lindu og Svövu og það sem eftir var þingsins, var aðgengi ungmenna í landshlutanum að félagsmiðstöðvarstarfi og ungmennahúsum mikið rætt.

Ungmenni á Norðurlandi eystra vonast eftir því að félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum verði komið á legg í öllum landshlutanum. Þar til það verður hægt, leggja þau til rútuferðir til að jafna aðgengi ungmenna að því starfi sem þar fer fram.

5. **Kvöldvaka.** Pétur Guðjónsson leiklistarkennari og eigandi [Draumaleikhússins](#) stýrði fyrri helmingi kvöldvökunnar með það að leiðarljósi að efla einstaklingana, blanda hópnum saman, hafa gaman, þjálfa krakkana í að fara út fyrir boxið og tala fyrir framan aðra. Þessir flottu krakkar enduðu með að setja upp nokkra leikþætti í hópum þvert á sveitarfélög. Upp úr 21:30 var haldið á Narfastaði þar sem húsráðendur voru búnir að opna fyrir heita pottinn, kveikja bál og stilla upp kvöldkaffi undir stjörnuþjórtum himni.




6. **Okkar framtíð á Norðurlandi eystra.** Starfsfólk SSNE stýrði *fyrirsagnarvinnustofu* til að kalla fram hugmyndir ungmenna fyrir verkefni nýrrar Sóknaráætlunar, í samræmi við [Sóknaráætlunavinnu](#) sem fram fór á árinu. Vinnan hófst á því að starfsfólk SSNE lagði inn kveikju í formi hugleiðingar um *valda búsetu* á Norðurlandi eystra eftir 20 ár. Hugleiðingin var skrifuð til að stuðla að hugarflæði um ólíkar þarfir eftir aldri, löngunum, fjölskyldu, starfi o.s.frv. Hugvekjan snéri jaframt að þeim flokkum sem undirbúningshópur nýrrar Sóknaráætlunar lagði upp með í vinnustofum sem boðið var upp á í öllum landshlutanum. Ungmennin unnu síðan í hópum samkvæmt sveitarfélagaskiptingu svo að starfsfólk sem fylgdi hverju ungmennaráði þekkti bæði ungmennin og gæti brugðist við spurningum frá þeim ef þær snéru að „heimasvæði“ þeirra. Þeirra verkefni var að setja sig í spor blaðamanna dagsblaðs árið 2044 og velja og skrifa markverðar jákvæðar fyrirsagnir (ekki sjálfar fréttirnar) frá þeirra sveitarfélagi eða Norðurlandi eystra og myndskreyta að vild. Sjá niðurstöður í viðauka tvö bls. 23.



7. **Lýðræðislestin.** Þeir Arnór Steinn Ívarsson fræðslu- og upplýsingafulltrúi og Tómas Leifsson fræðslustjóri á Samskipta- og alþjóðasviði Alþingis héldu vinnustofu um mikilvægi lýðræðis og hvernig frumvarp fer í gegnum Alþingi.

Verkefnið Lýðræðislestin var þróuð í ár í tilefni 80 ára Lýðveldisafmælisins, út frá verkefninu [Skólalábing](#) til að geta boðið upp á svipaða fræðslu út á landi og gert er á höfuðborgarsvæðinu.

Á Skólalábingi gefst nemendum tækifæri til að setja sig í spor þingmanna í þingsal og fylgja reglum um starfshætti Alþingis. Aðferðir leiklistarkennslu voru notaðar í þessari vinnustofu og fengu ungmennin ákveðin hlutverk í mismunandi þingflokkum og þurftu að flytja tillögur, sitja í nefndum, rökstyðja málflutning og kjósa. Mállefnið sem þau tóku fyrir snéru annars vegar að herskyldu og hins vegar kattarhaldi.



8. **Getur ehv skutlað mér?** Sigurborg Ósk Haraldsdóttir landslagsarkitekt og verkefnastjóri hjá SSNE stýrði vinnustofunni. Vinnustofan snéri að því að veita ungmennunum þjálfun í að setja upp erindi til sveitastjórna. Mikilvægt var að nota viðfangsefni sem að skipti ungmennin raunverulegu máli og urðu samgöngur ungmenna fyrir valinu. Sigurborg notaði kveikjur, fræddi þau um samgöngumöguleika, gatnahönnun og tengdi við þeirra nærumhverfi. Eftir þann part unnu þau í hópum eftir búsetu og fóru í



hugarflug um það hvað mætti betur fara í þeirra nærumhverfi. Ungmennin settu upp óskalistann sinn á óskavegginn. Í framhaldinu voru sett upp erindi sem starfsfólk SSNE og fulltrúar sveitarfélaganna fylgdi eftir og sendu á sveitastjóra 23. desember 2024 og 24. Janúar 2025, sjá viðauka fimm bls. 34.

9. **Mögnum geð og gleði.** Sigríður Ólafsdóttir mannauðsráðgjafi, PCC markþjálfari og eigandi [Mögnum](#) sá um þennan dagskrárlið sem snéri að því að veita innlegg og innblástur um geð og gleði í daglegu lífi. Var þessi fyrirlestur lokafyrirlestur þingsins og gott að enda á jákvæðum orðum sem fylgdu þátttakendum heim.



10. **Endurgjöf.** Afar mikilvægur partur af þinginu er að fá endurgjöf bæði ungmenna og starfsfólks á uppleggi, fyrirkomulagi og þegar við á, hugmyndir fyrir næsta þing. Áætlað var að nota Slido til að gefa ungmennunum tækifæri til að svara nafnlaust ýmsum spurningum út frá umræðum beggja daga. Vegna rafmagns- og netbilunar á landinu gekk þessi liður ekki nægilega vel fyrir sig og fór í raun fram bæði í gegnum umræður og rafrænt á staðnum fyrir ungmennin. Endurgjöf starfsfólks fór fram í gegnum rafræna könnun eftir að þingi lauk. Sjá viðauka fjögur bls. 25. með helstu niðurstöðum.



## Lærdómur varðandi uppsetningu og næsta þing

### *Aldursbil*

Á skipulagsfundum var viðmiðunaraldur þátttakenda ákveðinn, eða 14-18/19 ára (9. og 10. bekkur og framhaldsskólaaldurinn). Aldursbilið á ungmennabínginu var 13 - 17 ára. Í raun var ekki mikill aldursmunur en umræðuþroski og uppbrotsþörf ólík fyrir 13 og 17 ára. Varðandi aldersramma er ljóst að mikilvægt er að ungmennin séu á nokkuð jöfnum aldri til þess að hægt sé að velja viðfangsefni og dagskipulag við hæfi. Þó má aldersramminn ekki vera útilokandi fyrir sveitarfélög þar sem aldersdreifing í ungmennaráðum er breytileg milli ára. Mögulega væri hægt að skipta hópnunum upp í yngri og eldri eftir verkefnum, en þá þarf aldursskiptingunni að vera ljós að lágmarki mánuði fyrir þingið, til að skipuleggja dagskrá og bóka fyrirlesara. Flest starfsfólk nefndi aldurinn 14/15 ára til 18 ára sem ákjósanlegt aldersbil þátttakenda. Sjá nánar í viðauka fjögur bls. 30. Núverandi starfsfólk ungmennabíngs hjá SSNE leggur til að fyrsti skipulagsfundur fari fram með starfsfólki ungmennaráða um leið og ljóst er hvort af ungmennabíngi 2025 verður, þar sem mögulegt aldersbil næsta árs yrði rætt. Þar sem sveitarfélögin skipta gjarnan um meðlimi í ungmennaráðum að hausti, gekk seinlega að fá staðfestingu á fjölda og aldri þátttakenda fyrir s.l. ungmennabíng. Það skapar flöskuháls í skipulagi á dagskrá þar sem þarfir, þroski og færni er ólík eftir aldri mögulegra þátttakenda. Viðmiðunaraldur ungmennaráða er afar ólíkur og sveitarfélög hafa frjálsar hendur með reglur, hlutverk og val í ungmennaráð. Hreyfiþörf og úrvinnslufærni 12 ára er önnur en 19 ára og til að skapa gott, traust vinnu- og tengslaráymi er skilvirkt að geta tekið tillit til aldersdreifingar strax í skipulagningu á dagskrá.

Þar sem ákjósanlegasti tími til að halda ungmennabíng síðustu þrjú ár fyrir landshlutann hefur verið október samkvæmt niðurstöðum kannana til starfsfólks, er spurning hvort möguleiki sé fyrir sveitarfélögin að skipa í ný ungmennaráð annað hvort fyrir (að vori eða í ágúst) eða þá síðar, þ.e.a.s. eftir ungmennabíngið.

### *Dagskrárröð*

Mikilvægt er að horfa til þess að fulltrúar ungmenna taki þátt í að móta dagskrá og útfæra með því að sitja undirbúningsfundum líkt og árið 2023. Þetta tókst því miður ekki í ár þar sem ungmennaráð sveitarfélaganna voru sum hver ekki skipuð fyrir en vikuna fyrir þingið.

### *Fjölbreytni leikja*

Í ár voru allir fyrirlesarar spurðir út í hvaða leiki þeir ætluðu að nota í sínum innleggjum og ekki leit út fyrir að sömu leikir myndu koma oftast en einu sinni upp. Þegar á hólminn var komið var svolítið um endurtekningu sem hafði áhrif á viðmót ungmenna til þátttöku. Við leggjum til að gætt verði enn betur að því fyrir næsta þing að vera með fjölbreytta leiki og að skipuleggjendur verði með aukaleiki í pokahorninu ef óvænt þarf auka hreyfingu eða uppbot.

### *Fræðsluáðferðir*

Unnið var með efni þingsins í gegnum leiki, kynningar, innblástur, fyrirlestra, umræður, leiklist, skrifleg verkefni og nafnlaust með forritinu Slido. Með þessum fjölbreytta máta er hægt að koma til móts við margar af ólíkum þörfum og framkomureynslu ungmenna. Lagt er til að nota áfram blöndu af fjölbreyttum aðferðum. Ungmennin tóku öll virkan þátt báða dagana og reyndist endurgjöfin frá þeim mjög góð.

### *Hreyfiafl og tilgangur*

Heilt yfir er mikilvægt að útfæra vinnu og þátttöku ungmenna með þeim hætti að skilaboð frá þeim berist til stjórnar SSNE sem og viðeigandi starfsfólks SSNE og sveitarfélaganna. Mikilvægt er að rödd og



hlutverk ungmennanna sé tekið alvarlega og unnið sé áfram með þeirra hugmyndir og verkefni. Nauðsynlegt er að ungmennin viti að þarna sé vettvangur til að kynna krökkum frá öðrum sveitarfélögum, að þátttöku þeirra í verkefnum sé óskað, að forvitni sé af hinu góða og að þeirra skilaboð skipti máli. Ungmenni eru hreyfiafl í samfélagsbreytingum. Að skoðun hvers og eins skipti máli en jafnframt virðing fyrir skoðunum annarra.

#### *Skipan fulltrúa ungmenna*

Fyrir næsta þing væri áhugavert að taka sérstaklega fyrir á undirbúningsfundi hvernig val á fulltrúum ungmenna geti farið fram og upplýsingagjöf til þeirra ungmenna sem sýna áhuga. Þetta á sérstaklega við þar sem ekki eru starfandi ungmennaráð. Vonandi verða öll sveitarfélög þó komin með starfandi ungmennaráð á næsta ári.

Ljóst er samkvæmt svörum starfsfólks sveitarfélaganna að ákjósanlegasti tíminn til að halda ungmennabing sé í október. Að mati starfsmanna SSNE þarf að skoða hvort sveitarfélögin geti gert breytingar hjá sér, varðandi hvenær skipun í ungmennaráð fari fram, t.d. að vori eða jafnvel eftir ungmennabing. Jafnframt mætti skoða hvort ungmennin geti setið tvö ár í senn eða fleiri. Á þann hátt væri hægt að móta dagskrá með þeim ungmennum sem sækja þingið.

#### *Staðsetning og aðstæður*

Þátttakendur voru ánægðir með aðstöðu í Breiðumýri sem og mat og aðstöðu á Narfastöðum, heilt yfir var mikil ánægja með þingið. Varðandi skipulag fyrir mögulegt næsta þing bendir starfsfólk SSNE á að bókun á gistingu þarf að fara fram nánast ár fram í tímann til þess að öll geti gisti á sama stað. Engin afgerandi niðurstaða kom fram þegar starfsfólk sveitarfélaganna var beðið um tillögu að staðsetningu fyrir næsta ungmennabing. Fyrri staðsetningar eru Skútustaðahreppur 2021, Dalvík 2022 og Raufarhöfn 2023.

#### *Tveggja eða þriggja daga þing og endurkoma*

81% ungmenna vilja koma aftur á ungmennabing og algengasta svar þeirra var að hafa þingið degi lengra, aðspurð um hvað mætti betur fara. Á þinginu 2023 var rætt og óskað eftir því að hafa þingið einum degi lengra, sú ósk kom bæði frá ungmennum og starfsfólki, m.a. svo hægt væri að koma að sameiginlegri vinnustund á milli starfsfólks. Ekki var til fjármagn til að halda tveggja náttu þing í ár, en í stað þess voru keyrðar tvær samhliða dagskrár til að koma til móts við þessa ósk. Jafnframt var dagskrá dags tvö lengd og náði fram til kl. 16:00 en ekki til hádegis eins og áður hefur verið. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og var almennt ánægja með þessa lausn en á sama tíma mætti segja að ósk um tveggja náttu þing liggi enn fyrir hjá bæði starfsfólki og ungmennum, út frá þeim forsendum að valdefla ungmennin, styrkja tengslanetið og vinna markvissara að viðfangsefnum. Jafnframt var nefnt að þá væri hægt að bæta við vettvangsheimsókn inn í dagskránnu og kynna þar með einhvern kima atvinnulífsins eða nýsköpun á svæðinu, sjá viðauka þrjú (bls. 24) og fjögur (bls. 25).

#### *Tvær samhliða dagskrár*

Mikil ánægja var meðal starfsfólks sveitarfélaganna að keyra tvær samhliða dagskrár, annars vegar fyrir ungmenni og hins vegar fyrir starfsfólk sveitarfélaganna. Jafnframt var mikil ánægja með jafnvægið milli dagskránnu. Starfsfólk SSNE leggur til að halda svipuðu fyrirkomulagi, huga þarf vel að viðveruþörf starfsfólks með ungmennunum í þeirra verkefnum og því mikilvægt að fá góðar upplýsingar frá fyrirlesurum um upplegg vinnustofa.

### *Undirbúningsfundir*

Nauðsynlegt er að halda þeirri reglu að það starfsfólk sem muni fylgja ungmennum á þingið sitji undirbúningsfundum og taki þátt frá upphafi, eins og við verður komist. Það skilaði mun skilvirkara samstarfi og færri undirbúningsfundum.

### *Ungmennanæing eða ungmennaráð SSNE, eða bæði?*

Það var samdóma álit starfsfólks sem að viðburðinum kom, að svona vettvangur sé til gagns fyrir ungmennin, sem og fyrir starfsfólk til að fá fram skoðanir, endurgjöf og hugmyndir ungmenna til framþróunar verkefna.

Mikilvægt er að fylgja eftir því sem áunnist hefur með Ungmennanæingunum. Gott væri að festa fjármagn árlega í gegnum áhersluverkefni til að fyrirsjáanleiki verði meiri og betri.

Þrír möguleikar sem hægt er að horfa til:

- Árlegt ungmennanæing SSNE líkt og verið hefur síðustu fjögur ár. Starfsfólk SSNE heldur áfram utan um þingin og stýrir skipulagsfundum. Skipulagsteymi mótar dagskrá og sér um framkvæmd. Hlutverk SSNE yrði eftir sem áður að fylgja eftir fundum, sjá um skjalastjórn og fjármál.
- Stofna og starfrækja ungmennaráð SSNE sem væri þá skipað 1-2 ungmennum úr ungmennaráðum hvers sveitarfélags. Það ungmennaráð myndi funda nokkrum sinnum yfir árið, oftast rafrænt, mæta með erindi eða áheyrn inná fund stjórnar þegar við ætti og myndi mögulega hittast einu sinni á ári í raunheimum. Horfa má til þess fyrirkomulags sem er hjá SSV, SASS eða Vestfjarðarstofu.
- Stofna og starfrækja ungmennaráð SSNE sem fundar 2-4 sinnum á ári en að halda jafnframt opið ungmennanæing árlega sem er með fjöldatakmörkun en opið fulltrúum allra ungmennaráða eða ungmennum á tilgreindum aldri með lögheimili á Norðurlandi eystra. Hér má horfa til [ungmennaráðs Vestfjarða](#) sem starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga og fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári en heldur jafnframt ungmennanæing árlega. Þannig er bæði lögð áhersla á mikilvægi þess að kalla eftir sjónarmiðum ungmenna í stjórnsýslunni sem og tengslamyndum og heildarsýn yfir allan landshlutann. Jafnframt er áhugavert að skoða t.d. [fyrirkomulagið og starfsemi ungmennaráða í Reykjavík](#).

### *Þema þingsins 2025 og verkefni*

Út frá niðurstöðum (sjá viðauka fjögur bls. 25) má sjá að starfsfólk sveitarfélaganna leggur heldur til að fara á dýptina í einum málaflokki heldur en að veita innsýn í nýja Sóknaráætlun í heild sinni. Út frá forgangsröðun starfsfólks væri gott að huga að dagskrárdrögum næsta þings út frá blómlegum byggðum eða umhverfismálum.

Sú hugmynd kom upp að móta verkefni fyrir næsta ungmennanæing, sem myndi stuðla að áframhaldandi samstarfi eftir að þinginu lyki. Ekki endilega þannig að öll 10 sveitarfélögin væru að vinna saman heldur 2-3 að vinna saman í hóp.

## Kostnaður

Áhersluverkefnið fjármagn SSNE fyrir ungmennaping 2024 var 1.700.000 kr. Að auki var afgangur frá fyrra ári 222.000 kr. Þar sem gisti- og matarkostnaður var lækkaður af rekstraraðilum þrátt fyrir óvænt forföll þátttakenda (sem ekki er sjálfgefið að rekstraraðilar geri). Heildarkostnaður vegna Ungmennapings 2024 var samtals 1.699.578 kr og verkefnið á því inni 222.422 kr. Þingeyjasveit bauð fram aðstöðu í Félagsheimilinu Breiðumýri og bauð einnig öllum í sund/íþróttahúsið. Gisti- og matarkostnaður var líkt og árinu áður lækkaður, í takt fyrir forföll, sem ekki er hægt að búast við alla jafna. Í fjárhagsáætlun var auk þess gert ráð fyrir hærri kostnaði við verkþættina Lýðræðislestin, Samfés og Bergið Headspace. SSNE greiddi allan launa- og ferðakostnað starfsmanna sinna. Gera má ráð fyrir að kostnaður við viðburð sem þennan sé almennt ekki undir 2.000.000 kr þó svo skilað hafi verið afgangi að þessu sinni.

- Gistikostnaður, morgunmat, hádegismatur og kvöldmat: 1.122.900 kr.
- Snarl og millimál: 108.438 kr.
- Fyrirlesarar, ferðakostnaður, námskeið, efniskostnaður og undirbúningur: 468.240 kr.

Gist var á Narfastöðum í Þingeyjasveit, og sáu rekstraraðilar um alla málsverði, þ.e. hádegismat báða daga, kvöldverð og morgunmat. Snarl og millimál voru ávextir, grænmeti auk veitinga frá Línu bakkelsi, þar sem pönnukökurnar slógu algjörlega í gegn.

SSNE sá um að taka á móti reikningum og greiða þar sem styrkurinn var í gegnum áherslufé.



## Viðauki eitt – erindi til stjórnar SSNE

Í þessum kafla er búið að draga saman hugmyndir og niðurstöður frá ungmennapingi 2024 til handa stjórn SSNE að fjalla um. Gögn frá báðum dögum voru notuð til að mynda erindið sem og endurgjöf starfsfólks sveitarfélaga sem fór fram rafrænt eftir þingið. Upplýsingar komu ýmist fram í gegnum skrifleg verkefni, umræður, slido forritið og/eða leiki. Kaflinn var skrifaður eftir að þingi lauk, en yfirfarinn og samþykktur af starfsfólki sveitarfélaganna sem fylgdi ungmennunum. **Óskað er eftir því að ungmennaráðin fá tilkynningu senda þegar fjallað hefur verið um erindið af stjórn SSNE.** Það er mikilvægur partur af því að virkja ungmenni til að taka virkan þátt í lýðræðislegu verklagi samfélaga.

### *Aðgengi að félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum*

Ungmenni á Norðurlandi eystra vonast eftir því að félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum verði komið á legg í öllum landshlutanum. Þar til það verður hægt, leggja þau til rútu/strætóferðir til að jafna aðgengi ungmenna að því starfi sem þar fer fram. Nánari upplýsingar um mikilvægi félagsmiðstöðvastarfs má finna undir framkvæmdarkafla bls. 12.

### *Valin búseta á Norðurlandi eystra eftir 20 ár*

Hluti af verkefnasarpí ungmenna, hvað þarf að vera til staðar á Norðurlandi eystra eftir 20 ár. Sjá nánar í viðauka tvö, bls. 23.

- Almenningsamgöngur: Virkar almenningsamgöngur milli kjarna og strætó í sveitina. Þetta var mikið rætt báða dagana.
- Almenningsamgöngur: Félagsmiðstöðva- og ungmennahússrútur (til að auðvelda eða veita börnum og ungmennum aðgengi þar sem langt er í næstu félagsmiðstöð/ungmennahús eða þær/þau ekki rekin). Þetta var mikið rætt báða dagana.
- (Umhverfisvænar) samgöngur: (Rafknúin) lest (neðanjarðar) milli landshluta.
- Aukin afþreying: Zipline, skíðasvæði, keiluhöll, skautasvæði.
- Grunnþjónusta: Félagsmiðstöðvar og ungmennahús rekin á öllu norðaustur landinu.
- Grunnþjónusta: Betra (og frítt) aðgengi að bæði sálfræði- og læknaþjónustu.

### *Erindi til sveitastjórna á Norðurlandi eystra varðandi skipulagsmál*

Ungmenni frá hverju sveitarfélagi fóru yfir skipulagsmál í sínum kjarna, þeirra öryggi og notkun. Út frá þeirri greiningu settu þau upp erindi til sveitastjórnar. Erindin voru send til sveitastjóra og starfsfólks sveitarfélaganna sem fylgdi ungmennunum á þingið, með ósk um að erindunum yrði komið í réttan farveg. Erindin má sjá í viðauka fimm, bls. 34.

### *Starfsfólk sveitarfélaga vildi meðal annars koma eftirfarandi á framfæri varðandi Ungmennaping (sjá nánar í viðauka fjögur, bls. 25):*

- Ungt fólk sem hefur góðar minningar og upplifir sig séð og öruggt í heimasveitum sínum og landshluta mun flytja aftur heim eftir nám.
- Þetta er frábært verkefni fyrir fulltrúa ungmennaráðs. Þetta bæði eflir þau sem einstaklinga, er mjög þroskandi fyrir þau, býr til sjálfstraust, gefur þeim tækifæri á að tjá skoðanir sínar fyrir framan hóp, en eflir líka tengslanet milli ungmennaráða og býr til mikla samheldni innan þess. Mín ungmenni fóru hæstánægð heim og með helling af nýjum vinum.
- Þetta er mjög mikilvægur vettvangur fyrir ungt fólk á Norðurlandi eystra. Ekki missa dampinn, skulum vera fyrirmyndar landshluti í þessum málaflokki og leggja áherslu á lýðræði og valdeflingu ungs fólks. Það eru þau sem eru framtíðin okkar.

- Þessum peningum er vel varið og conseptið alveg frábært. Fyrri þing studdu mikið við að hér komst loksins ungmennaráð á laggirnar sem var ekki raunin 2021 og 2022, þó við höfum samt sent fulltrúa þau ár.
- Þessi vettvangur og vinnan sem fer fram er verulega eflandi fyrir ungmenni (og starfsfólk sveitarfélaga) og vekur áhuga hjá þeim á að starfa fyrir sitt samfélag og efla með því að láta rödd sína og skoðanir heyrast innan stjórnsýslunnar.

#### *Tveggja eða þriggja daga þing og endurkoma*

81% ungmenna vilja koma aftur á ungmennabing og algengasta svar þeirra var að hafa þingið degi lengra, aðspurð um hvað mætti betur fara. Á þinginu 2023 var rætt og óskað eftir því að hafa þingið einum degi lengra, sú ósk kom bæði frá ungmendum og starfsfólki, m.a. svo hægt væri að koma að sameiginlegri vinnustund á milli starfsfólks. Ekki var til fjármagn til að halda tveggja náttu þing í ár, en í stað þess voru keyrðar tvær samhliða dagskrár til að koma til móts við þessa ósk. Jafnframt var dagskrá dags tvö lengd og náði fram til kl. 16:00 en ekki til hádegis eins og áður hefur verið. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og var almennt ánægja með þessa lausn en á sama tíma mætti segja að ósk um tveggja náttu þing liggi enn fyrir hjá bæði starfsfólki og ungmendum, útfrá þeim forsendum að valdefla ungmennin, styrkja tengslanetið og vinna markvissara að viðfangsefnum. Jafnframt var nefnt að þá væri hægt að bæta við vettvangsheimsókn inn í dagskránnu og kynna þar með einhvern kima atvinnulífsins eða nýsköpun á svæðinu, sjá viðauka þrjú og fjögur, frá bls. 24.

#### *Starfsfólk sveitarfélaga sem situr undirbúningsfundi og fylgir börnunum*

- Upp kom sú umræða að skoða mætti milli sveitarfélaga hvaða starfsfólk fylgir ungmennunum, þ.e.a.s. hvaða hlutverki í starfi það gegnir dags daglega. Er það t.d. einhver sem vinnur meira í áætlanagerð, sá sem sér um faglega starfið með ungmendum eða annað.
- Í því samhengi eru hér starfsheiti þeirra sem fylgdu ungmennunum í ár, samkvæmt heimasíðum sveitarfélaganna. Hér er mögulega tækifæri á að styrkja farsældarstarf barna í sveitarfélögum með skýrari starfsheitum fyrir utanaðkomandi:
  - Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags
  - Umsjónarmaður félagsmiðstöðvar
  - Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála
  - Starfsmaður áhaldahúss
  - Verkefnastjóri upplýsinga-, atvinnu- og menningarmála
  - Stundakennari og forstöðumaður íþróttamiðstöðvar
  - Stuðningsfulltrúi
  - Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi
  - Verkefnastjóri íþróttu-, menningar- og tómsundamála

#### *Starfsdagur að vori fyrir æskulýðsfulltrúana*

Sú hugmynd kom upp að SSNE myndi aðstoða æskulýðsfulltrúana við að skipuleggja fræðslu til eflingar í starfi. Í könnun til starfsfólksins kom fram mjög mikill áhugi á að skipuleggja einn starfsdag að vori sem væri þá staðfundur. Enginn merkti við að halda frekar nokkra staka teams fundi með skipulögðum erindum. Aðspurð um möguleg viðfangsefni, ef af vinnudegi eða teams erindum yrði, voru m.a. eftirfarandi tillögur nefndar: Að skipuleggja virkt starf ungmennaráða, andleg heilsa, inngilding.

### *Ungmennaping ungmennaráða landshlutans eða ungmennaráð SSNE*

Samkvæmt 11. grein Æskulýðslaga nr. 70/2007 ber sveitastjórnnum að hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð með m.a. það hlutverk að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.

Á ársþingi SSNE 2021 var samþykkt að stjórn SSNE myndi skoða möguleikann á að auka samtalið við ungt fólk í landshlutanum og að kallað yrði eftir skoðunum þeirra og hagsmunum, m.a. með stofnun ungmennaráðs. Þá var mat starfsfólks sveitarfélaganna að fýsilegri kostur væri að hvert sveitarfélag stæði að ungmennaráði fyrir sitt svæði, en að SSNE héldi sameiginlegt ungmennaping árlega fyrir öll ungmennaráðin. Á slíku ungmennapingi væri skapaður góður vettvangur fyrir ungmenni að ræða sameiginleg málefni og hagsmuni. Út frá þeirri hugmyndafræði hefur ungmennaping verið unnið síðustu ár. Ljóst þykir að þessi vettvangur, ungmennaping, hefur á síðustu fjórum árum stuðlað að stofnun ungmennaráða og/eða virkjað þau, sem og skapað vettvang til að ræða um landshlutann sem heild með sameiginleg hagsmunamál hans og ungmenna í forgrunni. Hér skal tekið fram að einhver sveitarfélög voru með virk ungmennaráð frá upphafi og eiga fyrsti og annar punktur ekki við í þeim tilvikum. Vettvangurinn hefur jafnframt stutt starfsfólk í faglegu starfi og stuðlað að samstarfi þeirra í milli, sem er afar mikilvægur partur fyrir ungmenni landshlutans og sveitarfélögin í starfsefningu síns flota. Í lok október 2024 voru 9 af 10 sveitarfélögum með skilgreint og starfrækt ungmennaráð.

Er það mat starfsfólks SSNE sem hefur unnið að ungmennapinginu síðustu ár, að gott væri að halda svipuðu fyrirkomulagi þar til virkni ungmennaráða hefur verið náð í öllum sveitarfélögum landshlutans. Þá færi jafnvel betur á því að stofna sérstakt ungmennaráð SSNE þar sem fulltrúar væru t.d. skipaðir í tvö ár í senn og að hlutverk þeirra snéri að ráðgjöf og álitsgjöf um verkefni SSNE á sviði ungs fólks og þróun landshlutans fyrir framtíðarbúsetu. Dæmi um ungmennaráð landshlutasamtaka má meðal annars finna hjá [SSV](#) og [SASS](#). [Ungmennaráð Vestfjarða](#) starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga og fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári en heldur jafnframt ungmennaping árlega sem er opið öllum ungmennum á tilgreindum aldri með lögheimili á Vestfjörðum. Þar er því bæði lögð áhersla á mikilvægi þess að kalla eftir sjónarmiðum ungmenna í stjórnsýslunni sem og tengslamyndun og heildarsýn yfir allan landshlutann. Jafnframt er áhugavert að skoða t.d. [fyrirkomulagið og starfsemi ungmennaráða í Reykjavík](#). Gott er að horfa til [handbókar ungmennaráða sveitarfélaganna](#) sem gefin var út árið 2017. Er það fagnaðarefni að í desember tók til starfa verkefnastjóri farsældar hjá SSNE og verður því mögulega hægt að fylgja eftir erindum þessa málaflokks yfir allt árið.

## Viðauki 2 - Erindi til undirbúningshóps næstu Sóknaráætlunar

Í þessum kafla er búið að draga saman hugmyndir og niðurstöður frá dagskrárliðnum „Okkar framtíð á Norðurlandi eystra“ þar sem unnið var að því að búa til verkefnasarp útfrá drögum að markmiðum Sóknaráætlunar. Niðurstöðurnar voru sendar 31.10.2024 á undirbúningshóp næstu Sóknaráætlunar. Verkefnasarpurinn var unninn útfrá forsíðuvinnustofu; hvað er markvert og mikilvægt fyrir fólk á Norðurlandi eystra eftir 20 ár (þau sem fullorðið fólk með börn og foreldra á sinni könnun).

### **Verkefnasarpur, hugmyndir sem komu upp sem fyrirsögn á fleiri en einu dagblaði 15. október 2044:**

- Almenningsamgöngur: Virkar almenningsamgöngur milli kjarna og strætó í sveitina.
- Almenningsamgöngur: Félagsmiðstöðva- og ungmennahússrútur/strætó (til að auðvelda eða veita börnum og ungmennum aðgengi þar sem langt er í næstu félagsmiðstöð/ungmennahús eða þær/þau ekki rekin).
- (Umhverfisvænar) samgöngur: (Rafknúin) lest (neðanjarðar) milli landshluta.
- Afþreying: Zipline, skíðasvæði, keiluhöll, skautasvæði.
- Þjónusta/fyrirtækjarekstur: Hótel, apótek, veitingastaður, verslun.
- Grunnþjónusta: Félagsmiðstöðvar og ungmennahús rekin á öllu norðaustur landinu.
- Grunnþjónusta: Betra (og frítt) aðgengi að bæði sálfræði- og læknaþjónustu.
- Innviðir: Verðbólga og stýrivextir í lágmarki.
- Grunnskólar: Símbanni í skólum aflétt.
- Dæmi um hugmyndir sem komu einungis fram á einni forsíðu: Hugsanlega búið að útrýma riðu, fólk fær fríar tíðavörur ásamt getnaðarvörnum.

## Viðauki 3 - Könnun og endurgjöf ungmenna

### *Fyrir hvaða þjónustu stendur Bergið Headspace*

Af þeim 27 sem svöruðu spurningunni, upplifðu 85% að það væri í boði fyrir þau að leita til Bergsins eftir aðstoð/samtali. 11% völdu þann möguleika að vilja benda vini á Bergið. 4% svarenda skildu ekki fyrir hvað Bergið stendur.

### *Félagsmiðstöðvarstarf og -tengsl ungmenna um allt land*

Þegar spurð um löngun til þess að taka þátt í viðburðum á vegum Samfés í gegnum eigið félagsmiðstöðvarstarf svöruðu 96% ungmennana já, hin 4% stendur ekki í boði að sækja félagsmiðstöð í sínu nágrenni.

### *Nýting kosningarétts*

Aðspurð hvort ungmennin ætluðu að nýta sér að búa í lýðræðissamfélagi og kjósa þegar þau hefðu hlotið kostningarétt svöru 96% játandi.

### *Að senda erindi til sveitastjórna og beita rödd sinni*

82% svarenda töldu sig ætla að nýta það sem þau lærðu á þinginu, varðandi að senda inn erindi til sveitarstjórnar vegna málefna sem brenna á viðkomandi ungmennaráði. 14% svöruðu neitandi en 4% „veit ekki“.

### *Skiptir ungmennafing máli fyrir ungmennin*

Aðspurð hvort þátttakendur myndu vilja mæta aftur á ungmennafing væri þeim boðið það, sögðu 81% já, 7% nei og 11% voru óviss.

### *Hvað mætti betur fara í skipulagningu ungmennafings*

„Fleiri dagar“ var algengasta svarið þegar spurð um hvað hefði mátt vera öðruvísi á þinginu.



## Viðauki 4 - Niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólks sveitarfélaga

*Hvernig þótti þér sem starfsmaður sveitarfélags, fyrirkomulagið að sitja upplýsinga- og undirbúningsfundum SSNE fyrir ungmennahing?*

● Gott, myndi vilja halda þessu f...	5
● Þótti fyrra fyrirkomulag betra	0
● Hvorki né	2
● Annað (sjá opinn reit í þarnæs...	1



*Hvernig þótti þér fyrirkomulagið að þrjú fulltrúar sveitarfélagana sætu í skipulagsteymi ásamt SSNE?*

● Gott, myndi vilja halda þessu f...	5
● Þótti fyrra fyrirkomulag betra	0
● Hvorki né	3
● Annað (sjá opinn reit í næstu s...	0



*Viltu koma einhverju á framfæri varðandi spurningar hér að ofan ?*

- Ég náði ekki að sitja undirbúningsfundina. En fyrirkomulagið er samt gott og ég styð að þannig verði það áfram.
- Mér fannst gott að sitja upplýsinga- og undirbúningsfundum en tel ekki þörf á skipulagsteymi með þremur fulltrúum frá sveitarfélögunum. Ég er þó ekki á móti hugmyndinni.
- Hef einfaldlega ekki reynslu af öðru fyrirkomulagi heldur en því sem var í ár svo ég hef engan samanburð.
- Myndi vilja sjá skýrari ramma um hlutverk starfsmanna í skipulagi.
- Öll upplýsingamiðlun og undirbúningur fyrir þingið var til stakrar fyrirmyndar.

Heilt yfir, hversu ánægð/t/ur varstu með ungmennabíngið 2024?

● Mjög ánægð/t/ur	8
● Ánægð/t/ur	0
● Hlutlaus	0
● Óánægð/t/ur	0
● Mjög óánægð/t/ur	0



Í ár var í fyrsta sinn prófað að vera með sér dagskrá fyrir bæði ungmenni og starfsfólk sveitarfélaga. Óháð sjálfum dagskrárliðunum/viðfangsefnunum, hvernig fannst þér þetta fyrirkomulag?

● Mjög gagnlegt	8
● Óþægilegt að vera ekki með u...	0
● Hvorki né	0
● Annað	0



Hvernig fannst þér jafnvægið milli dagskrá ungmenna og starfsfólks?

● Gott jafnvægi, passleg skipting	8
● Það væri gott að stefna á fleiri ...	0
● Það væri gott að stefna að því ...	0
● Það væri gott að stefna að því ...	0
● Ég myndi vilja sleppa því að ve...	0



Viltu koma einhverju á framfæri varðandi samhliða dagskrá?

- Mér fannst það ganga mjög vel og tel þetta vera frábæra hugmynd sem er komin til að vera. Þetta var bara létt, skemmtilegt og fróðlegt. Ég hefði ekki viljað fleiri erindi fyrir starfsfólk. Mér fannst þetta alveg passlegt.
- Tókst mjög vel og var gaman að sjá það sem kallað hafði verið eftir í kjölfar fyrri þinga raungerast. Með þessu fyrirkomulagi er Ungmennafélagið frábær vettvangur fyrir starfsfólk líka.

Hversu ánægð/ur/t varstu með dagskrárliði ungmenna á ungmennafélagi 2024?

<span style="color: blue;">●</span> Mjög ánægð/ur/t	7
<span style="color: orange;">●</span> Ánægð/ur/t	1
<span style="color: green;">●</span> Hlutlaus/t	0
<span style="color: red;">●</span> Óánægð/ur/t	0
<span style="color: purple;">●</span> Mjög óánægð/ur/t	0



Heilt yfir, telur þú að þekking og reynsla frá ungmennafélaginu muni koma sér vel fyrir ungmennin?

<span style="color: blue;">●</span> Já	8
<span style="color: orange;">●</span> Veit ekki	0
<span style="color: green;">●</span> Nei	0



Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dagskrá ungmenna? Sem dæmi: hefðir þú viljað sjá lengri tíma varið í eitthvað ákveðið?

- Mín ungmenni voru mjög ánægð. Lýðræðislestin sló rækilega í gegn hjá þeim.
- Seinni daginn voru þau orðin mjög þreytt eftir hádegið, enda búin að vera þétt dagskrá allan daginn.
- Þau vilja fleiri daga og ég er sammála því. Ungmennin þurfa meiri tíma til að kynnst, fyrsti sólarhringurinn fer í að kynnst og mörg þeirra eru örugg fyrst um sinn. Þegar líkaminn er á varðbergi og allar varnir eru upp eru þau ólíklegri til að taka inn upplýsingar. Á öðrum degi eru þau öruggari og slakari og því móttækilegri fyrir viðfangsefninu. Mikilvægur þáttur þingsins er að efla tengslanetið og það gerist með aukinni samveru. Það væri virkilega vel varið bolmagn að lengja þingið og eflaust til rannsóknir sem styðja við þessa ályktun.
- Mér fannst þetta einstaklega vel heppnað.


Hversu ánægð/ur/t varstu með dagskrá starfsfólks á ungmennapingi 2024?

<span style="color: blue;">●</span> Mjög ánægð/ur/t	7
<span style="color: orange;">●</span> Ánægð/ur/t	1
<span style="color: green;">●</span> Hlutlaus/t	0
<span style="color: red;">●</span> Óánægð/ur/t	0
<span style="color: purple;">●</span> Mjög óánægð/ur/t	0




Dagskrá starfsfólks tók mið af dagskrá ungmenna og þeirra fyrirlesurum. Hversu ánægð/ur/t varstu með dagskrá starfsfólks út frá þeirri forsendu?


<span style="color: blue;">●</span> Mjög ánægð/ur/t	6
<span style="color: orange;">●</span> Ánægð/ur/t	2
<span style="color: green;">●</span> Hlutlaus/t	0
<span style="color: red;">●</span> Óánægð/ur/t	0
<span style="color: purple;">●</span> Mjög óánægð/ur/t	0



Hversu sammála ertu eftirfarandi staðhæfingu fyrir ungmennin sem þú fylgdir á ungmennabingið? Hugsid svarið heilt yfir ykkar ungmennahóp. Í næstu spurningu er tækifæri til að skrifa frekari upplýsingar ef við á.



Telur þú að þátttakendum hafi heilt yfir fundist gaman á þinginu?



Skiptir máli „að hafa gaman“ á þingi sem þessu? Þ.e.a.s. er mikilvægt að útdeila hluta tímans/fjármagns í það?

● Já ekki spurning	5
● Já og fannst koma vel út að ve...	3
● Finnst það ekki viðeigandi	0



Hvernig fannst þér gefast að fyrri partur kvöldvöku væri í höndum umsjónaraðila í stað þess að ungmennin ættu að sjá alfarið um það sjálf? (ath. þau máttu jafnframt koma með eigið atriði, en engin pressa hvað það varðaði)

● Mjög vel	3
● Vel	4
● Hvorki né	1
● Sæmilegt	0
● Illa	0




Telur þú ungmennabing mikilvægan lið í æskulýðs- og lýðræðisstarfi með það að markmiði að efla Norðuland eystra sem eftirsótt svæði til búsetu og atvinnu (sjá Sóknaráætlun)?

● Mjög sammála	7
● Sammála	1
● Hvorki né	0
● Ósammála	0
● Mjög ósammála	0



Eitt af markmiðum ungmennapínga hefur hingað til verið að fræða þau almennt um virkni og gildi Sóknaráætlunar svæðisins og svo um málefni eins ákveðins flokks hennar (nýsköpun og atvinnuþróun, umhverfismál, menning). Allir flokkar núverandi Sóknaráætlunar hafa verið teknir fyrir. Í ár var afar viðeigandi að hafa lýðræði í forgrunni, enda verið að móta nýja Sóknaráætlun með lýðræðislegu verklagi. Hér fyrir neðan eru yfirheiti flokka næstu Sóknaráætlunar, við biðjum ykkur um að forgangsraða, hvaða liði þið mynduð vilja sjá tekna fyrir á næsta þingi.

- **Atvinnulíf** (markmið flokksins er að í landshlutanum verði fjölbreytt og framsækið atvinnulíf með áherslu á nýsköpun)
- **Blómlegar byggðir** (markmið flokksins er að í landshlutanum verði sterk og umburðarlynd samfélög með öflugum menningarlífi)
- **Innsýn** í nýja Sóknaráætlun í heild sinni
- **Innviðir** (t.d. Samgöngu- og innviðastefna NE, aðgengi að námi í landshlutanum, millilandaflug, löggæsla, heilbrigðisþjónusta, grunnþjónusta)
- **Umhverfismál** (markmið flokksins er að Norðurland eystra verði fyrirmyndar landshluti í umhverfis- og loftlagsmálum)



Viltu leggja til ákveðnar áherslur eða jafnvel fyrirlésara fyrir næsta ungmennapíng?

- Áhersla á samstarf milli ungmenna í mismunandi sveitarfélögum. Eitthvað skemmtilegt verkefni sem myndi stuðla að áframhaldandi samstarfi eftir að þinginu lýkur. Það þyrfti ekki að vera að öll 10 sveitarfélögin væru tengd í sama verkefni heldur væri hægt að hafa verkefni 2-3 sveitarfélög í sama verkefni.
- Andleg heilsa, lýðheilsuáttal almennt.

*Hvaða aldursramma myndir þú mæla með fyrir næsta ungmennafing?*

- 13-18 ára
- Ég held að það sé mikilvægt að hafa þau á nokkuð jöfnum aldri, en þó ekki þannig að það sé útilokandi fyrir eitthvað ungmennaráð. Aldursskiptingin getur verið svo mismunandi eftir árum. Mögulega væri hægt að skipta hópnum upp í yngri og eldri eftir verkefnum.
- 8. bekkur og út framhaldsskóla.
- 14-18
- 13-17 ára
- 15-18 ára
- 14-18 ára
- 9. Bekkur upp að 19 ára hljómar vel.
- Það er erfitt að fá ungmenni á framhaldsskólaaldri með á þingið, þau vilja ekki missa úr skóla. 9.-10. bekkur hentugur

*Eftir þátttöku í þessu ungmennafingi, myndir þú vilja leggja til 2 daga þing með svipuðu fyrirkomulagi og í ár eða koma öðrum upplýsingum á framfæri?*

- Svipað og í ár, ein nótt
- Mín ungmenni voru rosalega sátt með þingið í ár. Þau myndi samt hiklaust vilja hafa aðra nótt. Þau höfðu að orði að þau væru nýbúin að kynnast öllum þegar að þingið væri að klárast. Því tek ég undir með þeim og myndi vilja sjá tvær nætur.
- Fínt fyrirkomulag í ár.
- Mér finnst borðleggjandi að hafa tveggja daga þing og rökstuddi það hér ofar.
- Sé fyrir mér þriggja daga með vettvangs heimsókn á lokadegi
- Já það væri gaman að prufa það allavega og sjá hvað væri hægt að gera með aðeins lengri tíma fyrir stafni. Fulltrúarnir eru sumir hverjir rétt búnir að ná saman og komnir út úr skelinni þegar er kominn tími til að fara.
- Fyrirkomulagið í ár var frábært en mætti ekki vera styttra. Lágmark ein nótt
- Held að sambærilegt þing á næsta ári sé sniðugast
- Mér finnst passlegt að vera 2 daga ss 1 nótt, ef við lengjum verður kostnaður enn meiri og líklegt að það verði erfitt að fá krakka með á þingið

*Hvenær á árinu telur þú best að halda ungmennafing?*

- sami tími og í ár, um miðjan október
- Ég held að fyrir mitt sveitarfélag/ungmennaráð hafi þetta verið frábær tímasetning í ár.
- Seinni part Október/nóvember byrjun.
- þessi tími er góður, hvenær sem er í okt
- Hausti
- Sami tími og í ár hentar vel eða á því róli.
- Tímasetningin sem var hentar vel ef að sveitarfélögin gera þær breytingar hjá sér að velja í ungmennaráð t.d. að vori eða að ungmenni sitji ekki styttra en tvö ár í senn. Þá á að vera hægt að koma í veg fyrir að ekki sé búið að velja í ungmennaráð í tæka tíð.



- Veit að við munum kjósa nýtt ungmennaráð á næsta ári og það þarf að vera gert fyrir 1. Okt. Held að svipuð tímasetning á næsta ári sé best
- Október

Hverja telur þú bestu staðsetninguna fyrir næsta ungmennafélag (ef haldið aftur)? Fyrri staðsetningar: 2024 Laugar Þingeyjarsveit, 2023 Raufarhöfn Norðurþingi, 2022 Dalvík Dalvíkurbyggð, 2021 Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit

- Mér finnst skipta máli að þingið sé sæmilega miðsvæðis, ekki á öðrum enda svæðisins. Akureyri, Húsavík...
- Við erum til í allt. Gaman að heimsækja öll sveitarfélögin.
- Opin fyrir öllu
- Siglufjörður?
- Eyjafjarðarsveit
- Akureyri eða Siglufjörður? Væri gaman að geta tekið á móti hópnum í Langanesbyggð en það myndi kosta breytingar á gistifyrirkomulagi og þyrfti líklegast að vera um helgi. Hinsvegar myndi sparast mikill kostnaður við gistingu þar sem gist yrði í skólastofum. Starfsfólk gæti enn fengið herbergi á gistiheimili ef svo ber undir. Er bara kasta þessum möguleika fram án þess að hafa neinar frekari áhyggjur af því hvernig ætti nákvæmlega að framkvæma þetta.
- Alveg sama
- Siglufjörður kannski, finnst mikilvægt að sá sem heldur þetta sé spenntur fyrir því að bjóða okkur til sín
- Eyjafjarðarsveit td Lambinn, Svalbarðsströnd, Hótel Natur eða Sveinbjarnargerði

Viltu koma einhverju á framfæri við stjórn SSNE (sem tekur ákvörðun um það hvort ungmennafélag sé haldið og fjármagn sem veitt er til þess) sem ekki hefur verið tekið fyrir í þessari könnun?

- Þetta er frábært verkefni fyrir fulltrúa ungmennaráðs. Þetta bæði eflir þau sem einstaklinga, er mjög þroskandi fyrir þau, býr til sjálfstraust, gefur þeim tækifæri á að tjá skoðanir sínar fyrir framan hóp, en eflir líka tengslanet milli ungmennaráða og býr til mikla samheldni innan þess. Mín ungmenni fóru hæstánægð heim og með helling af nýjum vinum.
- Þetta er mjög mikilvægur vettvangur fyrir ungt fólk á Norðurlandi eystra. Ekki missa dampinn, skulum vera fyrirmyndar landshluti í þessum málaflokki og leggja áherslu á lýðræði og valdeflingu ungs fólks. Það eru þau sem eru framtíðin okkar. Ungt fólk sem hefur góðar minningar og upplifir sig séð og öruggt í heimasveitum sínum og landshluta mun flytja aftur heim eftir nám.
- Þessum peningum er vel varið og conceptið alveg frábært. Fyrri þing studdu mikið við að hér komst loksins ungmennaráð á laggirnar, sem var ekki raunin 2021 og 2022, þó við höfum samt sent fulltrúa þau ár. Þessi vettvangur og vinnan sem fer fram er verulega eflandi fyrir ungmenni (og starfsfólk sveitarfélaga) og vekur áhuga hjá þeim á að starfa fyrir sitt samfélag og efla með því að láta rödd sína og skoðanir heyrast innan stjórnarsýslunnar.

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri við skipulagsteymið eða starfsfólk SSNE?

- Hrós fyrir frábæra skipulagningu
- Vel skipulagt þing og ungmennin hæst ánægð.
- Gott væri að sveitarfélögin myndi velja starfsfólk til að fara á ungmennabing sem vinna með börnunum. Mér finnst tilefni til að ræða kannski aðeins hvaða starfsmenn það eru sem eru að fylgja börnunum. Ég t.d. sem íþróttta- og tómstundafulltrúi fylgdi börnunum því ég fékk fundarboð í aðdraganda og þess háttar og vegna þess að ungmennaráð er sannarlega mitt verkefni. Þegar á þingið var komið hugsaði ég mikið að forstöðumaður félagsmiðstöðvar hefði kannski betur átt heima þarna sem er í beinum samskiptum við börnin, þekkir þau, sér um faglega starfið og þess háttar.
- Þakkar fyrir gott samstarf, gott skipulag og heilt yfir vel unnin störf. Þvílíkur mannauður sem þið eruð.
- Takk kærlega fyrir okkur!

Sú tillaga kom upp á síðasta þingi að skipuleggja einn starfsdag að vori fyrir ykkur starfsfólk. Það væri þá staðfundur. Er áhugi fyrir því innan þessa hóps og líklegt að þið hefðuð tök á því hvað varðar vinnufyrirkomulag á ykkar vinnustað?

<span style="color: blue;">●</span> Heldur betur	7
<span style="color: orange;">●</span> Finnst ólíklegt að það gengi u...	0
<span style="color: green;">●</span> Finn ekki þörf til þess	0
<span style="color: red;">●</span> Ég myndi heldur kjósa nokkra ...	0
<span style="color: purple;">●</span> Annað	1



Einhver viðfangsefni sem þú leggur til að myndu verða tekin fyrir, ef af vinnudegi eða teams erindum yrði?

- Starf ungmennaráða t.d., það gengur stundum illa að halda þeim virkum, einhverjar góðar hugmyndir ?
- Andleg heilsa, inngilding og umhverfissálfræði.
- Starf ungmenna ráðs
- Það mætti vera hvað sem er sem hefur snertiflöt við það sem við erum að brasa í.
- Er mjög spennit fyrir þessu en held að vorin séu það mikill álagstími að yrði að búast við forföllum.

## Viðauki 5 – Erindi ungmenna til sveitastjórna

Hér fyrir neðan má líta á erindin sem send voru til sveitarstjóra sveitarfélaga SSNE sem tóku þátt í ungmennahringi 2024.

Akureyrarbær bls. 36

Eyjafjarðarsveit bls. 39

Fjallabyggð bls. 43

Grýtubakkahreppur bls. 48

Hörgársveit bls. 52

Langanesbyggð bls. 54

Norðurþing bls. 60

Svalbarðsstrandarhreppur bls. 64

Þingeyjarsveit bls. 68

Akureyrarbær

Berist til bæjarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að bæjarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um þátt ungmenna í samfélaginu og mikilvægi þess að hafa hagsmuni þess okkar að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir um mótun samfélagsins. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn í þeirri vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

Við óskum þess að bæjarstjórn skoði þau mál sem við leggjum hér fram. Jafnframt að þeim málunum verði vísað í viðeigandi ráð og nefndir.

- 1. Leggja þjóðveginn utan um Akureyri eða hægja á allri gegnum-umferð.**
- 2. Skoða möguleika á fleiri undirgöngum innan Akureyrar.**
- 3. Betri hönnun á bílastæðum hjá KA til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi ungmenni um svæðið. Aukin fjölda hjólaboga og góða aðstöðu fyrir hjól.**
- 4. Betri hönnun á bílastæðum hjá Þór, þar þarf sérstaklega að bæta aðkomu gangandi og hjólandi sem koma norðan megin inn á stæðið ásamt því að bæta aðstöðu fyrir notendur þessa ferðamáta.**
- 5. Betri götulýsingu fyrir alla vegfarendur í Hrísey.**

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [hafsteinth@akureyri.is](mailto:hafsteinth@akureyri.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður þá formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllt.

*Aldís Ósk Arnaldsdóttir*


*Heimir Páll Arnason*

*Ólöf Berglind Guðnadóttir*

Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „**Mannlíf, byggð og bæjarrými**“ sem við lærðum um á Ungmennáþinginu og teljum að þurfi að útfæra á Akureyri og Hrísey.




Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari




Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og allir fá nægt pláss.

Götugögn fyrir hjólandi vegfarendur geta einnig nýst notendum órflæðis.





Vinstri: Fyrirkomulag bílastæða getur skert aðgengi gangandi og hjólandi að húsnæði.



Hægri: Gangandi og hjólandi tryggð aðgengi að byggingu.

Mannlíf, byggð og bæjarlífi 2023

Svona er hægt að gera aðgengi betra á bílastæðum þórs og KA með því að færa bílastæði og taka meira pláss fyrir okkur sem ganga og hjóla.

Eyjafjarðarsveit

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

**Við óskum þess að þið takið erindi okkar alvarlega varðandi öruggar samgöngur í sveitarfélaginu og tillögur okkar til að bæta umferðaröryggi ungmenna.**

**Við óskum eftir:**

1. Ljósastaurum á bílastæðið hjá Hrafnagilslaug (tjaldsvæðis megin).
2. Öruggrí gönguleið hjá nýja veginum.
3. Að vegur verði lagður inn og út af Hrafnagili (sunnan megin).
4. Að bílastæðið hjá Hrafnagilslaug verði malbikað (tjaldsvæðis megin).
5. Göngu- og hjólaleið samsíða brúnni.
6. Strætó sem fer Eyjafjarðarhringinn til Akureyrar og verði með lágmark tvær ferðir á dag þar sem hann kemur til Akureyrar kl 08:00 og fer til baka kl 18:00.
7. Göngu- og hjólastíg frá Hrafnagili að Grundarkirkju og Holtaseli.
8. Gangbraut yfir bílastæðið sem tengir saman tjaldsvæðið og Hrafnagilslaug.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [sunna@esveit.is](mailto:sunna@esveit.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllst.

*Anton Berg Almarsson*

*Emelía Lind Brynjarsdóttir*

*Haukur Skúli Óttarsson*

*Kristín Harpa Friðriksdóttir*

Tillögur ungmenna fyrir Hrafnagil.






Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „Mannlíf, byggð og bæjarrými“ sem við lærðum um á Ungmennafélaginu og teljum að þurfi að útfæra á Hrafnagili.





Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari





Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og allir fá nægt pláss.

Svona er hægt að gera öruggar íbúagötur með bílagötu sem er einungis 5 metra breið og gangstéttum beggja vegna sem eru 3 metra breiðar. Þá er líka pláss fyrir flottan gróður.






Við viljum að gönguleiðir séu sem stytstar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.



**Aðgengi fyrir vistvæna ferðamáta**  
Stæði fyrir hjól og rafskútur  
Aðgengi fyrir alla



Gróður  
Lysing

Upplýsingaskilti  
Skyli  
Miðasala

Við biðskýli finnst okkur mikilvægt að hafa hjólaboga til að geta læst hjólum, góða lýsingu og gróður.

Mannlíf, byggð og bæjarlífi 2023

Fjallabyggð

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

Við óskum eftir að:

1. Tvær nýjar biðstöðvar og fleiri biðskýli fyrir skólarútu verði útbúin. Nýjar biðstöðvar verði staðsettar í norðurbæ á Siglufirði og við Aðalgötu á Ólafsfirði. Svæðið við tjörnina á Siglufirði verði lagað svo rútan geti snúið við þar og keyrt í norðurbæinn.
2. Fleiri öruggar göngubveranir verði gerðar yfir þjóðvegi í þéttbýli, sérstaklega við Hvanneyrarbraut, Snorragötu og Aðalgötu á Ólafsfirði. Sjá kort.
3. Fleiri gangstíga innan hverfa í báðum byggðarkjörnum, s.s. frá Snorrabraut á Siglufirði og upp á Suðurgötu/Háveg. Sjá kort. En gangstíga vantar á mörgum stöðum.
4. Að ungmenni séu sérstaklega höfð með í ráðum við val á staðsetningu göngustíga og göngubverana, t.d. með rafrænni kosningu eða skoðakönnun.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi [rikey@fjallabyggd.is](mailto:rikey@fjallabyggd.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllt.

*Sverrir Freyr Lúðvíksson*

*Steingrímur Árni Jónsson*

*Tinna Hjaltadóttir*






Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „**Mannlíf, byggð og bæjarrými**“ sem við lærðum um á Ungmennahólingunni og teljum að þurfi að útfæra, bæði á Siglufirði og Ólafsfirði.




Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari






Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og allir fá nægt pláss.

Svona er hægt að gera öruggar íbúagötur með bílagötu sem er einungis 5 metra breið og gangstéttum beggja vegna sem eru 3 metra breiðar. Þá er líka pláss fyrir flottan gróður.




Við viljum að gönguleiðir séu sem stystar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.



**Aðgengi fyrir vistvæna ferðamáta**  
 Stæði fyrir hjól og raðskútur  
 Aðgengi fyrir alla

Við biðskýli finnst okkur mikilvægt að hafa hjólaboga til að geta læst hjólum, góða lýsingu og gróður.



Grýtubakkahreppur

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

**Við óskum þess að:**

- 1. Gerð verði vönduð og upplýst gangstétt meðfram Lundsbraut.**
- 2. Aðgengi innviðir fyrir gangandi og hjólandi að grunnskólanum verði bætt verulega.**
- 3. Öll gatnamót við Miðgarða verði lagfærð fyrir gangandi.**
- 4. Leiðin frá Grenivík að skólanum lagfærð og upplýst.**
- 5. Hjólastígur verði gerður upp Miðgarð og Grenivíkurveg.**
- 6. Gangstéttatengingar að búðinni verði bættar.**
- 7. Hægt verði á umferðarhraða með því að þrengja götur og samtímis breikka gangstéttar í 3 metra. Við upplifum mikinn hraðaakstur í bænum og þetta er liður í að hægja á bílaumferð til að auka öryggi gangandi og hjólandi.**
- 8. Upplýstur göngu- og hjólastígur verði lagður að hesthúsahverfinu.**
- 9. Lýsing verði lagfærð fyrir gangandi vegfarendur þar sem nýjar gönguleiðir eru gerðar. Við upplifum óöryggi að þurfa að ganga í skóla og frístundir í myrki.**

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [bjarni@grenivik.is](mailto:bjarni@grenivik.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllst.

*Hilmar Þorsteinsson*

*Rakel Sigurðardóttir*

*Linda Harðardóttir*




## Tillögur ungmenna fyrir Grenivík



Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „Mannlíf, byggð og bæjarrými“ sem við lærðum um á Ungmennapínginu og teljum að þurfi að útfæra á Grenivík.







Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari



Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og allir fá nægt pláss.

Svona er hægt að gera öruggar íbúagötur með bílagötu sem er einungis 5 metra breið og gangstéttum beggja vegna sem eru 3 metra breiðar. Þá er líka pláss fyrir flottan gróður.





Við viljum að gönguleiðir séu sem stystar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.

Götugögn fyrir hjólandi vegfarendur geta einnig nýst notendum öflæðis.



Hörgársveit

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og er unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

1. Við óskum þess að farið verði í greiningu og kortlagningu fyrir göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu þar sem tengd verða heimili, skóli og önnur þjónusta með samfelldu neti göngu- og hjólastíga með göngu – og hjólabrúum þar sem þarf.
2. Gerð verði björt og rúmgóð undirgöng þar sem þarf að þvera þjóðveg.
3. Við óskum þess að að skoðaður verði möguleiki á frístundastrætó til að tryggja aðgengi allra barna og ungmenna að félagsstarfi í sveitinni, líkt og félagsmiðstöðinni.
4. Strætó stoppi við þelamörk til að minnka skutl. Mörg okkar eiga vini á Akureyri og sækja æfingar á Akureyri.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [kolbrun@horgarsveit.is](mailto:kolbrun@horgarsveit.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllst.

*Arnsteinn Ýmir Hjaltason*


*Kaja Líf Wilkinson*

*Efemía Birna Björnsdóttir*

Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „**Mannlíf, byggð og bæjarrými**“ sem við lærðum um á Ungmennáþinginu og teljum að þurfi að útfæra í Hörgársveit.



**Heildstætt kerfi vistvænna samgangna** er eitthvað sem við sjáum fyrir okkur í Hörgársveit. Þá væri hægt að ferðast um samfellt net göngu- og hjólastíga og skipta auðveldlega um ferðamáta. Til dæmis hjóla á góðum hjólastíg í Belamörk og taka þar strætó til Akureyrar. Kerfið þarf að vera fullgert og samþætt. Til dæmis þarf að vera hjólaskýli sem hægt er að læsa hjólinu sínu við á öllum strætóstoppistöðum.



Efri myndin sýnir strætó í þéttbýli eins og á Akureyri og neðri myndin dreifbýli, líkt og tengingar við Belamörk, Dalvík o.s.frv.

Við viljum betri tengingu við strætó og að net göngu- og hjólastíga tengist þeim stoppstöðvum með góðu aðgengi.

Langanesbyggð

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og er unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

**Við óskum þess að þið takið eftirfarandi tillögur okkar alvarlega. Þær eru einlægar óskir okkar til að bæta umferðaröryggi ungmenna.**

1. Lagðar verði gangstéttar á Bakkafirði meðfram Hafnartanga, Miðvangi, Brekkustíg og Skólagötu (sjá kort 1).
2. Gerðir verði nýjir göngu- og hjólastígar á Bakkafirði meðfram fjörunni og til að tengja öruggar gönguleiðir betur við grunnskólann (sjá kort 1).
3. Gerðar verði upphækkaðar göngupveranir við helstu gatnamót á Bakkafirði (sjá skýringarmyndir aftast).
4. Lagður verði öruggur göngustígur frá innkomu inn í Þórshöfn og upp að hestavegi (sjá kort 2).
5. Tengja saman Miðholt og Austurveg á Þórshöfn með göngustíg ásamt göngustíg umhverfis íþróttavöllin við Pálmholt (sjá kort 2).
6. Ljósastaurar verði settir upp í Miðholtið að tjaldsvæðinu á Þórshöfn til að bæta öryggi gangandi vegfarenda (sjá kort 2).
7. Gangstígur verði lagður upp að Fossá á Þórshöfn (sjá kort 2).
8. Aðalgatnamótin á Þórshöfn verði lagfærð fyrir gangandi og hjólandi með styttri og upphækkuðum göngupverunum (sjá kort 2 og skýringarmyndir).
9. Akbrautir á Langanesvegi á Þórshöfn verði þrengdar með því að breikka gangstéttar í 3 metra og umferðarhraði lækkaður (sjá kort 2 og skýringarmyndir).
10. Reiðstígur verði gerður norður úr enda Miðholts meðfram Hafnarlæk, að S-Lóni og aftur til baka á Þórshöfn.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [sigurbjorn.veigar.fridgeirsson@thorshofn.is](mailto:sigurbjorn.veigar.fridgeirsson@thorshofn.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllst.

***Kristín Svala Eggertsdóttir,***

***Hólmfríður Katrín Jónsdóttir,***

***Ása Margrét Sigurðardóttir,***

***Guðrún Petra Jónsdóttir***

### Kort 1. Bakkafjörður






## Kort 2. Þórshöfn



Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „**Mannlíf, byggð og bæjarrými**“ sem við lærðum um á Ungmennanæginginu og teljum að þurfi að útfæra á Bakkafirði og Þórshöfn.




Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari









Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og allir fá nægt pláss.

Svona er hægt að gera öruggar íbúagötur með því að breyta þeim í vistgötu sem er einungis 5 metra breið og með gangstétt sem er 3 metra breið. Hámarkshraði yrði þá 15 km. Þá er líka pláss fyrir flottan gróður.



Við viljum að allar gönguleiðir séu sem stystar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.

Gott væri að byrja á gönguleiðum ungmenna í kringum skóla.



Norðurþing

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnafólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

Við óskum þess að

1. Settar verði upp hraðamyndavélar við suður-inngang Raufarhafnar.
2. Gangstéttar verði lagaðar og breikkaðar. Örugnum gönguleiðum bætt við helstu staði (sjá kort).
3. Bætt við upphækkuðum gangbrautum við gatnamót á Raufarhöfn (sjá kort).
4. Á Raufarhöfn verði ljósastaurar verði staðsettir sömu megin og gangstéttar.
5. Unnið verði með Vegagerðinni að því að lækka umferðarhraða sunnanmegin inn í Raufarhöfn ásamt því að lækka umferðarhraða sunnan- og norðanmegin inn í Húsavík.
6. Göngustígum, göngupverun yfir Þjóðveginn og lýsingu verði bætt við Norðlenska á Húsavík.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [hafrun@nordurthing.is](mailto:hafrun@nordurthing.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllst.


*Aron Þórólfur*

*Björn Grétar*

*Jón Árni*

*Höskuldur Breki*


## Raufarhöfn kort.



Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „Mannlíf, byggð og bæjarrými“ sem við lærðum um á Ungmennabínginu og teljum að þurfi að útfæra í Norðurþingi.




Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari









Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og öll börn fá nægt pláss.

Hægt að gera götur öruggar og draga úr umferðarhraða með því að breyta þeim í vistgötu, sem er einungis 5 metra breið og með gangstétt sem er 3 metra breið. Þá er líka pláss fyrir flottan gróður þar sem við göngum og hjólum.



Við viljum að allar gönguleiðir séu sem stystar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.

Gott væri að byrja á gönguleiðum ungmenna í kringum skólana, við íþróttahús og sundlaugar.



Svalbarðsstrandarhreppur

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

Við óskum þess að

- 1. Tekið verð til skoðnar að klára göngu- hjólastíg frá Svalbó til Akureyrar. Við viljum geta farið á milli staða án þess að fara með bíl.**
- 2. Samgöngur verði auðveldaðar milli Svalbó og Akureyrar með tengingu við strætó. Við stoppistöðina verði gerðir hjólabogar til að geta læst hjólum og hjólaskýli til að hjólin skemmist ekki. Stoppistöðin verði tengd við göngu- og hjólastíga á Svalbó til að auðvelda samgöngur fyrir unglina.**
- 3. Bætt verði við göngu- og hjólaleiðir á Svalbó, þær malbikaðar og tengdar við stígin til Akureyrar (sjá kort).**
- 4. Gerðar verði sjö upphækkaðar göngubveranir á Svalbó (sjá kort).**

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [annalouise@svalbardsstrond.is](mailto:annalouise@svalbardsstrond.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

### **Virðingarfyllt.**

*Sólrún Assa Arnardóttir*

*Eyrún Dröfn Gísladóttir*

*Sædís Heba Guðmundsdóttir*

*Lilja Jakobsdóttir*



## Svalbarðseyri - Kort.




Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „**Mannlíf, byggð og bæjarrými**“ sem við lærðum um á Ungmennapeninginu og teljum að þurfi að útfæra á Svalbarðseyri.



**Heildstætt kerfi vistvænna samgangna** er eitthvað sem við sjáum fyrir okkur á Svalbarðseyri. Þá væri hægt að ferðast um samfellt net göngu- og hjólastíga og skipta auðveldlega um ferðamáta. Til dæmis hjóla á góðum hjólastíg upp á þjóðveg og taka þar strætó til Akureyrar. Kerfið þarf að vera heildstætt og samtengt svo stígar endi ekki bara allt í einu. Til dæmis þarf að vera hjólaskýli sem hægt er að læsa hjólinu sínu við á öllum strætóstoppistöðum.









Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari



Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og öll börn fá nægt pláss.

Við viljum að allar gönguleiðir séu sem stystar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.



Pingeyjarsveit

Berist til sveitarstjórnar

### **Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum**

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennanþingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennanþinginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

#### **Við óskum þess að**

- 1. Göngu- og hjólastígur verði lagður frá gatnamótum Hraunvegs og Norðurlandsvegs. Einnig áfram meðfram Hraunvegi að Reynihlíð (merkt grænt á korti 1).**
- 2. Malbikaðir og upplýstir stígar verði lagðir til að tengja saman byggðina í Reykjahlíð (merkt appelsínugult á korti 1).**
- 3. Lýsing við Hlíðarveg verði lagfærð og uppgerð. Í dag virka fæstir af þeim ljósastaurum sem þar eru (merkt stjörnu á korti 1).**
- 4. Upphækkaðar og öruggar göngupveranir verði gerðar í Reykjahlíð við Hlíðarveg, umhverfis matvöruverslunina og þar sem nýr göngu- og hjólastígur þverar vegi (merkt rauðu á korti 1).**
- 5. Vöndurð hjólaleið verði lögð sem tengir saman Aðaldal og Reykjadal. Einnig verði skoðaðar leiðir til að tengja við Reykjahlíð.**
- 6. Strætóakstur verði í boði í félagsmiðstöð og tómstundir. Bæði fyrir ungt fólk og eldri borgara.**
- 7. Götur verði malbikaðar svo þær nýtist betur gangandi og hjólandi á Laugum (merkt gult á korti 2).**
- 8. Lýsing verði bætt á Laugum (merkt stjörnu á korti 2).**
- 9. Lagðar verði öruggar og vandaðar göngu- og hjólaleiðir á Laugum og hjólastæðum bætt við helstu staði (merkt appelsínugult á korti 2).**
- 10. Lagður verði breiður og öruggur hjólastígur til beggja átta meðfram Þjóðvegi 1. Svipaður og hjólastígurinn frá Akureyri (merkt grænt á korti 2).**
- 11. Að öruggar og upplýstar göngupveranir verði gerðar á Þjóðvegi 1 á Laugum ásamt því að gera upphækkaða göngupverun við íþróttamiðstöðina (merkt rautt á korti 2.)**

12. Að gangstéttar og stígar í sveitarfélaginu séu lagfærðir og holur fjarlægðar.
13. Að hugað sé að upplifun gangandi og hjólandi með því að gera leiðirnar fallegar með gróðri.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [myrra@thingeyjarsveit.is](mailto:myrra@thingeyjarsveit.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

**Virðingarfyllst.**

*Kristján Brynjólfsson*

*Júlía Brá Stefánsdóttir*


*Amelía Kozaczek*

*Lilja Rós Sæþórsdóttir*

**Kort 1. Reykjahlíð.**



## Kort 2. Laugar.



Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „**Mannlíf, byggð og bæjarrými**“ sem við lærðum um á Ungmennáþinginu og teljum að þurfi að útfæra í Reykjahlíð og á Laugum.



**Heildstætt kerfi vistvænna samgangna** er eitthvað sem við sjáum fyrir okkur í Þingeyjarsveit. Þá væri hægt að ferðast um samfellt net göngu- og hjólastíga og skipta auðveldlega um ferðamáta. Til dæmis hjóla á góðum hjólastíg heiman frá sér og á Laugar til að taka strætó lengra. Kerfið þarf að vera fullgert og samþætt. Til dæmis þarf að vera hjólaskýli sem hægt er að læsa hjólinu sínu við á öllum strætóstoppistöðum svo við getum verið örugg um að þeim verði ekki stolið.



Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari. Þess vegna viljum við upphækkaðar göngubúveranir.



Hér eru gangstéttar 3 m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að læsa hjóli við hjólaboga og öll börn fá nægt pláss.



Við viljum að allar gönguleiðir séu sem stystar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.

